



HALLVEIG
UNGIR JAFNAÐARMENN
Í REYKJAVÍK

Lög Hallveigar -Ungra jafnaðarmanna í Reykjavík

1. kafli

Nafn, markmið og varnarþing

Félagið heitir Hallveig -Ungir jafnaðarmenn í Reykjavík. Félagið er ávalt kallað Hallveig í þessum lögum. Markmið Hallveigar er að vinna að samfélagsbreytingum með frelsi, jafnrétti og samstöðu að leiðarljósi. Hallveig er sjálfstætt aðildarfélag að Samfylkinguni og Ungum jafnaðarmönnum og skal vinna með Samfylkingarfélaginu í Reykjavík (SffR) og öðrum aðildarfélögum að framgangi jafnaðarstefnunnar. Varnarþing félagsins er í Reykjavík.

2. kafli

Aðild og málfundafélög

Allir 16 til 35 ára sem samþykkja stefnu og lög Hallveigar, geta orðið félagar. Þrír eða fleiri félagar í Hallveigu geta komið sér saman um að mynda málfundafélag í styttri eða lengri tíma. Stjórn Hallveigar getur líka stofnað málfundafélag. Félagar Hallveigar eru jafnframt félagar í Ungum jafnaðarmönnum og Samfylkingunni. Búseta í Reykjavík er ekki skilyrði fyrir aðild að Hallveigu. Aðalfundur má vísa hverjum þeim féлага úr félaginu sem fundurinn telur að hafi brotið lög félagsins.

3. kafli

Stjórn félagsins

Stjórn Hallveigar er kosinn á aðalfundi til eins árs í senn. Í stjórn Hallveigar eiga sæti formaður og fjórir til sex meðstjórnendur. Allir félagar í Hallveigu geta boðið sig fram í stjórn félagsins. Stjórn skal á fyrsta fundi eftir aðalfund skipta með sér verkum og skipa minnst í stöðu varaformanns og gjaldkera.

Formaður er talsmaður félagsins út á við og innan Samfylkingarinnar. Formaður sér um að stjórna fundum stjórnar og boða til þeirra. Ef atkvæði falla jafnt í atkvæðagreiðslum ræður atkvæði formanns. Varaformaður er staðgengill formanns. Varaformaður sér um að bjóða nýja féлага velkomna í félagið. Gjaldkeri sér um fjárreiðir félagsins. Gjaldkeri sér um gerð og skil á ársreikningi. Meðstjórnendur sjá um þau verkefni sem stjórn félagsins úthlutar þeim. Ef losnar um embætti í stjórn eftir aðalfund er stjórnheimilt að leggja fram tillögu að nýjum stjórnarmanni fyrir félagsfund. Ef formaður segir af sér eða getur ekki gegnt embætti sínu tekur varaformaður við starfi hans.

Stjórn skal funda minnst tvisvar í mánuði nema við sérstakar aðstæður. Stjórn fer með æðsta vald félagsins milli aðalfunda. Stjórn Hallveigar hefur rétt á að skipa ráðgjafaráð skipað 4-6 fulltrúum sem stjórn ákveður á fyrsta fundi sínum. mælst er til þess að ráðið sé skipað formanni Ungra jafnaðarmanna og formanni Samfylkingarfélagsins í Reykjavík. Stjórn má kalla ráðið á sinn fund. Fundir stjórnar eru löglegir ef til hans er boðað með 24 tíma fyrirvara. Stjórn má ákveða að hafa fundi sína opna fyrir alla féлага Hallveigar og hafa þau þá málfrelsis og tillögurétt en ekki kosningarétt.

4. kafli

Aðalfundur og kosningar í stjórn

Aðalfundur er æðsta vald félagsins. Aðalfund skal halda eigi síðar en 31. október ár hvert. Aðalfundur er opinn öllum en aðeins félagar í Hallveigu er með kosningarrétt. Aðalfund skal boða með minnst tveggja vikna fyrirvara. Fráfarnadi stjórn kýs kjörstjórn til að sjá um kosningar til stjórnar og lagabreytingar. Aðalfundur kýs tvo

skoðunarmenn til að fara yfir ársreikning og ganga úr skugga um að fjármunum félagsins hafi verið ráðstafað í samræmi við lög og stefnu félagsins.

Einfaldur meirihluti dugar til að samþykkja stjórn málaályktanir. 2/3 atkvæða þarf til að samþykkja ársreikning og lagabreytingar. Framboðsfrestur rennur út þremur sólahringum fyrir aðalfund en kjörstjórn hefur heimild til færa framboðsfrest nær aðalfundi. Nú er framboðsfrestur runnin út og ekki er komið framboð í allar stöður í stjórn. Þá hefur kjörstjórn umboð til að leita til einstaklinga um að bjóða sig fram í þær stöður sem lausar eru. Sé einn aðili er í framboði til embættis skal hann talinn sjálfkjörinn. Á aðalfundi skal taka eftirfarandi fyrir, hið minnsta, auk annarra mála:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
3. Umræður og afgreiðsla skýrslu stjórnar og ársreiknings.
4. Lagabreytingar.
5. Umræður og afgreiðsla stjórn málaályktunar.
6. Kosning stjórnar og tveggja félagslegra endurskoðenda og eins til vara.
7. Önnur mál.

5. kafli

Félagsfundir

Stjórn skall boða til minnst eins félagsfundar á ári. mælst er til að einn félagafundur sé haldinn eigi síðar en í maí. Hlutverk félagsfundar er meðal annars er að vera aðhald við stjórn félagsins og kjörinna fulltrúa Samfylkingarinnar í Reykjavík. Á félagsfundum gefur stjórn skýrslu um störf sín það sem af er ári. Á félagsfund geta 5 eða fleiri félagar í Hallveigu lagt fram vantrausttillögu á stjórn og formann félagsins eða ákveðin einstakling í stjórn. skall tillaga þessi strax tekinn fyrir og telst hún samþykkt með 2/3 atkvæða. 10 félagsmenn geta krafist félagsfundar.

6. kafli

Önnur mál

Ef 5/6 atkvæðisbæra fundarmanna á aðalfundi samþykkja að slíta félaginu skal senda inn beiðni til miðstjórnar Ungra jafnaðarmanna sem þarf að samþykkja slit félagsins einróma. Ef svo kemur að félaginu er slitið renna eignir og fjármunir þeirra til félags/góðgerðasamtaka sem aðalfundur ákveður.

Aðeins aðalfundur getur komið á félagsgjöldum. Stjórn félagsins hefur samt heimild til að senda út valgreiðslur á alla félagsmenn. Reikningstímabil er frá 1. október til 30. september næsta árs. Allt sem aðalfundur eða stjórn samþykkir er gert með fyrirvara um stafsetningu og málfarsvillur.

Verði ágreiningur um þessi lög, ályktanir eða milli félaga í Hallveigu er hægt að senda málið til miðstjórnar ungra jafnaðarmanna sem tekur þá afstöðu til málsins og er sá úrskurður bindandi. Ný stjórn skall alltaf rita eiðstaf við lög þessi og heita með því að vinna að heilindum í þágu félagsins.

Lög þessi taka þegar í stað gildi.

